

Tíminn

Utgefandi: Framsóknarflokkurinn

Framkvæmdastjóri: Jóhann H. Jónsson. Auglýsingastjóri: Steingrímur Gíslason. Skrifstofustjóri: Jóhanna B. Jóhannsdóttir. Afgreiðslustjóri: Sigurður Brynjólfsson. Ritstjórn: Þórarinn Þórarinnsson, Elías Snæland Jónsson, Jón Helgason, Jón Sigurðsson. Ritstjórnarfulltrúi: Oddur V. Ólafsson. Fréttastjóri: Páll Magnússon. Umsónarmaður Helgar-Tímans: Illugi Jökullsson. Blaðamenn: Agnes Bragadóttir, Atli Magnússon, Bjarghildur Stefánsdóttir, Egill Helgason, Friðrik Indriðason, Friða Björnsdóttir (Heimilis-Tíminn), Heiður Helgadóttir, Jónas Guðmundsson (Þingfréttir), Jónas Guðmundsson, Kjartan Jónsson, Kristinn Hallgrímsson (borgarmál), Kristín Leifsdóttir, Ragnar Orri Pétursson (Íþróttir). Útlitsteiknunar: Gunnar Trausti Guðbjörnsson. Ljósmyndir: Guðjón Einarsson, Guðjón Róbert Agústsson. Myndasafn: Eygló Stefánsdóttir. Prófarar: Flosi Kristjánsson, Kristín Þorbjarnardóttir, María Anna Þorsteinsdóttir. Ritstjórn, skrifstofur og auglýsingar: Síðumúla 15, Reykjavík. Sími: 86300. Auglýsingasími: 18300. Kvöldsímar: 86387, 86392. — Verð í lausasölu 4.00. Askri fargjald á mánuði: kr. 70.00 — Prentun: Bláaprent h.f.

Læknar í klípu

■ Læknastéttin íslenska er komin út á hálarí brautir en jafnvel forystumenn hennar sjálfir gera sér ljóst. Það eru sjálfsagt margar hliðar á kjaramálum lækna og ef til vill fleiri en „ólærðir“ menn svo kallaðir sjá, en allur almenningur skilur fullvel hvað er á seyði þegar heil stétt sérfræðinga fer að hafa í hótunum á opinberum vettvangi.

Í þeirri deilu sem nú er komin upp milli stjórnvalda og samtaka lækna spyrja menn hvort aðgerðir læknanna séu í nokkru samræmi við þá hagsmuni sem þeir eiga í húfi. Menn spyrja hvort hagsmunir sjúklinganna og skattgreiðendanna séu ekki miklu brýnni en þarfir læknanna fyrir kjarabætur.

Hætt er við að jafnvel þeir sem lengst vilja ganga í tilhlíðrun við læknastéttina eigi örðugt með að sjá að læknar lifi við þau harmkvæli á landi hér að ástæða sé til að vega svo harkalega að skipulagi heilsugæslu í landinu sem aðgerðir læknasamtakanna nú bera með sér.

Það er jafnvel ekki óhugsandi að einhverjir fari að velta því fyrir sér hve miklum fjármunum fólkið hefur varið til þess að greiða fyrir skólagöngu þessara manna. Það kynni að vera að verðandi læknum þætti það nokkuð hár reikningur að greiða, ef læknanám yrði ekki lengur kostað af almannafé, til samræmis við þá stefnu að læknar selji síðan þjónustu sína á frjálsum markaði.

Það er hins vegar ekkert víst að almenningur sjái neitt eftir því skipulagi heilsugæslunnar sem hér hefur verið við lýði, með embættisskipun lækna í störf, atvinnuöryggi þeirra og greiðslum af almannafé fyrir hvers kyns tilkostnað á sjúkrahúsum og víðar. Það getur vel verið að skattgreiðendur vilji fullt eins skipta við lækna sem verktaka, eins og læknasamtökin hafa nú farið fram á að gert verði.

Það er aldrei að vita nema fólkið fái út úr slíku alveg eins góða þjónustu á lægra verði. Menn hafa nefnilega ýmsar grunsemdir um það að ríkisskipaðir læknar hafi reynst furðudrjúgir við að láta mylja undir sig hingað til.

En hitt er annað mál að hróplegar gjaldskrár sem reknar eru fram með hótunum, eins og nú hefur gerst illu heilli af hálfu ákafamanna í læknastéttinni, leiða í engan stað. Enginn stjórnmalamaður getur látið undan slíku, allra sist um þessar mundir þegar almennir kjarasamningar standa fyrir dyrum á hausti komanda og áhersla er lögð á að koma í veg fyrir almennar grunnkaupshækkningar vegna ástands efnahagsmála.

Langtrúlegast er einmitt að flestum þyki aðrar stéttir eigi brýnni kjaramál að sækja en læknarnir. Og svo mikið virðist þó alveg víst að hafi læknum verið umhugað að almenningur fengi skilning á högum þeirra og samúð með þeirri viðleitni þeirra að bæta kjör sín, þá hefur foringjum lækna mistekist svo gersamlega sem frekast er hugsanlegt. Læknar hafa gert sjálfum sér einstakan óvinafagnað og verða eflaust lengi að bæta um fyrir sér að almenningsáliti.

JS

á vettvangi dagsins

STÓRIÐJA ER ENGIN ALLS-HERJARLAUSN

eftir Pál Pétursson, alþingismann

■ Páll Pétursson hafði nýlega framsögu fyrir nefnd um stóriðjutillögu Alþýðu- og Sjálfstæðisflokks á Alþingi. Minnihluti nefndarinnar lagði sem kunnugt er til að tillögunni um kosningu stóriðjunefndar, yrði vísað til ríkisstjórnarinnar, og var það samþykkt. Páll fjallaði í ræðu sinni vítt og breitt um stóriðjumál, en vék í upphafi að stjórnarandstöðutillögunni:

„Orkusæfnunefnd ríkisstjórnarinnar vinnur ótulllega að því verkefni að kanna nýtingarkosti raforku og raunar fleiri starfshópar og nefndir á vegum iðnaðarráðuneytisins eins og glögglega hefur komið fram í orkusöluáætlunum undanfarna daga. Það eru mörg járn í eldi þar og við sjáum ekki ástæðu til á þessu stigi að kjósa enn eina nefndina, þ.e. þá, sem lagt er til að kjósa í þessari tillögu.

Hvað varðar nýtingu orku til stóriðju ber náttúrulega að hafa það í huga, þótt mikilsvert sé að nýta orkuna, að stóriðjan greiði fyrir rafmagn það sem kostar að framleiða það á hverjum tíma, og helst svoltið meira til þess að hagnaður verði af þessum viðskiptum. Og það verður endilega að búa svo um hnúta, að aldrei verði aðrir notendur í landinu fyrir því að þurfa að greiða niður rafmagn, þá raforku, sem til stóriðjunnar fer, þannig að orkusölusamningar til stóriðjufyrirtækja verði baggi á landsmönnum í gegnum raforkuverð.

Birgir Ísl. Gunnarsson eyddi mjög löngum tíma í ræðu sinni til þess að verja álsamninginn og

þau viðskipti, sem við höfum átt við Alusuisse á undanförunum áratug. Þessi ræða hefði sómt sér vel í timariti þeirra álversmanna, sem mig minnir að heiti ÍSAL-tíðindi og kannske eru einhverjir hlutar hennar komnir þaðan. Mér fannst sumt svo hraustlega mælt í þessari ræðu, ennþá hraustlegar heldur en Birgir Ísl. Gunnarsson gerir venjulega, því að hann er að mínum dómi mjög högvær maður og sanngjarn í sínum málflutningi svona dagfarslega. Þetta fyrirtæki hefur tvímælalaust orðið til þess að raforkunotendur á Íslandi hafa undanfarið orðið að greiða herra verð fyrir raforku heldur en ella, ef álverid væri ekki til. Að sjálfsgöðu hefði verid virkjað, við Búrfell með einhverri annarri áfangaskiptingu heldur en gert var. En það er ekki eftirsóknarvert hlutverk að reyna að verja þann orkusölusamning.

fjárhagslegt bolmagn til þess að búa til þessa 6.000 vinnustaði, þessi 6000 atvinnutækifæri, sem menn eru að tala um að okkur vanti til aldamóta, ef þau ættu öll að koma í svona iðnaði. Eg er nú ekkert að taka ábyrgð á því að þetta sé rétt, að við þurfum að standa skil á þessum 6000 atvinnutækifærum. En það er augljóst, að í heimi þar sem ýmsar orkulindir eru að ganga til þurrðar, þá er réttmætt að nýta vatnsorku eftir því sem eðlilegt er og án efa hækkar vatnsorkan í verði á næstu árum og áratugum og því getur verið óhagkvæmt að binda sig í löngum samningum.

Eg geri ráð fyrir því að svo verði komið kannski á næsta áratug eða um næstu aldamót, að það verði orðið hagkvæmt fjárhagslega að framleiða eldsneyti á hreyfla með rafmagni.

Stefna Framsóknarflokksins

Alsamningurinn samrýmist alls ekki stefnu Framsfl., vegna þess að hún er ekki þannig mörkuð. Eg vildi með leyfi forseta fá að lesa litla kláusu úr tíðindum frá 17. flokksþingi Framsfl., því 1978. Þar segir svo í kaflanum um atvinnumál:

„Þingið leggur mikla áherslu á að auka skilning þjóðarinnar á nauðsyn iðnvæðingar til tryggingar varanlegrri hagsæld og þjóðarvelferð. Ber að stórauka verkþekkingu og hagnýta betur hugkvæmni manna við framleiðslu sérhæfðs varnings til sölu á alþjóðamarkaði, enda verði iðn-

Stóriðja engin allsherjarlausn

Audvitað verða menn að hafa það í huga, að stóriðja er engin allsherjarlausn í atvinnumálum Íslendinga. Hún getur orðið þáttur í þeim, en hún er engin allsherjarlausn þó ekki væri nema fyrir það, að það er margfalt dýrara, kannske allt að því hundrafalt dýrara að stofnsetja hvern vinnustað, vinnustað fyrir hvern einstakling í þessum iðnaði heldur en t.d. í smáum iðnaði. Og við hefðum ekki með nokkru móti

meningarmál

Hafsteinn Austmann á Kjarvalsstöðum

Kjarvalsstaðir
Málverkasýning
Hafsteinn Austmann
90 myndir olía og
vatnslitir.

■ Síðastliðinn laugardag, eða 23. maí opnaði Hafsteinn Austmann málverkasýningu að Kjarvalsstöðum, en um þessar mundir eru liðin 25 ár síðan hann hélt sína fyrstu einkasýningu. Hún var í Listamannaskálanum gamla, er

stóð við Austurvöll, en var tekinn ofan fyrir allmörgum árum.

Hafsteinn hóf á sínum tíma myndlistarnám í Myndlista og handíðaskólanum, en nam síðan erlendis, aðallega í París, og hef-



■ Frá sýningu Hafsteins Austmann.